



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Tillaga um fjölda barna í leikskólanum Brákarborg

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. september 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. september 2023:

Lagt er til að heimilt verði að reka leikskóla fyrir 120 börn í leikskólanum Brákarborg með starfsstöð við Kleppsveg 150.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgaráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Greinargerð, dags. 4. sept.2023



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um fjölda barna í leikskólanum Brákarborg

Lagt er til að heimilt verði að reka leikskóla fyrir 120 börn í leikskólanum Brákarborg með starfsstöð við Kleppsveg 150.

Greinargerð:

Veturinn 2022-2023 var rekstur Brákarborgar færður úr Brákarsundi í nýtt húsnæði við Kleppsveg 150. Í upphafi var gert ráð fyrir að Brákarborg yrði með starfsemi á tveimur starfsstöðum við Brákarsund sem rúmar 44 börn og Kleppsveg sem rúmar 120 börn. Við mat á fjölda barna var haft samráð við leikskólastjóra sem er samþykktur breytingunni.

Seinna var tekin ákvörðun um að húsnæðið við Brákarsund yrði nýtt fyrir aðra starfsemi og starfsemi Brákarborgar hætt í því húsnæði. Það húsnæði hefur verið nýtt fyrir skóla sem hafa tímabundið þurft að fara úr sínu húsnæði vegna framkvæmda.

Því er Brákarborg eingöngu með eina starfsstöð við Kleppsveg 150 og rúmast þar 120 börn. Vegna þessa er hér lagt til að heimilt verði að reka leikskóla fyrir 120 börn í Brákarborg.

Foreldraráð Brákarborgar hefur veitt umsögn um þessa breytingu og gerir ekki athugasemdir.